



# Ástand friðlýstra svæða

Yfirlit til umhverfisráðuneytisins



UMHVERFISSTOFNUN

2013



**UMHVERFISSTOFNUN**

UMHVERFISSTOFNUN  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

SÍMI 591 2000  
SÍMBREF 591 2010  
umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

# ÁSTAND FRÍÐLÝSTRA SVÆÐA

Yfirlit til umhverfissráðuneytisins

TEXTI

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir og Ólafur A. Jónsson

UMBROT

Einar Guðmann

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2013

UST-2013:05

# Efnisyfirlit

SAMANTEKT.....	4
RAUÐI LISTINN .....	6
FRIDLAND AÐ FJALLABAKI .....	6
GEYSIR.....	7
HELGUSTAÐANÁMA .....	8
LAUGARÁS.....	9
REYKJANESFÓLKVANGUR.....	10
VERNDARSVÆÐI MÝVATNS OG LAXÁR.....	11
APPELSÍNUGULI LISTINN.....	12
HVERAVELLIR.....	12
TEIGARHORN .....	13
DYRHÓLAEY .....	14
ELDBORG Í BLÁFJÖLLUM.....	15
FOSSVOGSBAKKAR.....	16
GEITLAND .....	16
GRÁBRÓKARGÍGAR .....	17
GULLFOSS .....	18
HÁUBAKKAR.....	19
KRINGILSÁRRANI.....	20
SURTARBRANDSGIL .....	20
SKÚTUSTAÐAGÍGAR.....	21
SKÓGAFOSS.....	21
RAUÐHÓLAR.....	22
DYNJANDI.....	23
HRAUNFOSSAR.....	24
SVÆÐI SEM DETTA ÚT Á MILLI ÁRA.....	24
STAÐA RAUÐLISTAÐRA SVÆÐA 2013.....	25



# SAMANTEKT

Árið 2010 gaf Umhverfisstofnun út skýrslu um ástand friðlýstra svæða á Íslandi, svokallaðan „Rauðan lista.“ Svæðin á listanum flokkuðust annars vegar á rauðan lista, en þar var að finna þau svæði sem væru undir miklu álagi sem bregðast þyrfti við strax. Hins vegar voru á appelsínugulum lista þau svæði sem voru undir töluverðu álagi og fylgjast þurfti vel með og bregðast við eftir atvikum.

Aðferðarfræðin sem notuð var við að byggja listann upp er svokölluð SVÓT aðferðarfræði þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Greiningin byggir á gögnum sem Umhverfisstofnun aflar sér á ýmsan hátt, t.d. í gegnum landverði, sjálfboðaliðastarf í náttúruvernd, og aðra sérfræðinga stofnunarinnar sem vinna við og á svæðunum. Einnig leitar Umhverfisstofnun upplýsinga í lok hvers árs frá sveitarfélögum og öðrum lögaðilum hvað varðar ástand friðlýstra svæða. Að auki leggur Umhverfisstofnun mat á þær ábendingar sem stofnunin fær á hverju ári á einn eða annan hátt og varða friðlýst svæði á landinu.

Umhverfisstofnun hefur nú metið þær aðgerðir og verndarráðstafanir sem farið hefur verið í á þeim svæðum sem sett voru á Rauða listann árið 2010. Einnig hefur stofnunin endurskoðað ástand annarra friðlýstra svæða og hafa nokkur þeirra svæða sem voru á rauðum lista árið 2010 nú færst yfir á appelsínugulan lista vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til á svæðunum. Þessi svæði eru Dyrhólaey, Grábrókargígur, Gullfoss og Surtarbrandsgil. Tvö svæði sem voru á appelsínugulum lista árið 2012 hafa hinsvegar færst upp á rauðan lista og eru það verndarsvæði Mývatns og Laxár ásamt Laugarási. Fjögur ný svæði hafa bæst við appelsínugula listann en þau eru Skútustaðagígur, Skógafoss, Háubakkar og Rauðhólar. Tvö svæði eru dottin út af lista, Dynjandi og Hraunfossar. Önnur svæði eru óbreytt á milli ára og eru nú 6 svæði á rauðum lista stofnunarinnar og 14 á appelsínugulum lista.

Friðlýst svæði á Íslandi eru í lok árs 2012 eru 109 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúrufars, landslags, jarðminja, útivistar eða sambland framangreindra þátta. Margir þættir geta haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða. Þó má segja að áhrif mannglegra umsvifa séu hvað mest en friðlýst svæði eru oft vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Samkvæmt heimildum Ferðamálastofu þá jókst ferðamannastraumur til landsins um hundrað þúsund manns á milli ára 2011 og 2012 og voru tæplega 620.000 í lok árs 2012. Ef spár um komur ferðamanna til landsins ganga eftir þá munu Íslendingar innan fárra ára taka á móti einni milljón ferðamanna. Samtímis tvöföldun í komum erlendra ferðamanna síðastliðinn áratug og fjölgun innlendra ferðamanna er ljóst að stuðla þarf að umbótum á friðlýstum svæðum, auka landvörslu og efla fræðslu.



Rauð svæði 2010	Appelsínugul svæði 2010	Rauð svæði 2012	Appelsínugul svæði 2012
Dyrhólaey	Dynjandi	Friðland að Fjallabaki	Dyrhólaey
Friðland að Fjallabaki	Eldborg í Bláfjöllum	Geysir	Grábrókargígar
Geysir	Fossvogsbakkar	Helgustaðanáma	Gullfoss
Grábrókargígar	Geitland	Reykjanesfólkvangur	Hveravellir
Gullfoss	Hraunfossar	Laugarás	Surtarbrandsgil
Helgustaðanáma	Kringilsárrani	Verndarsvæði Mývatns og Laxár	Teigarhorn
Hveravellir	Laugarás		Eldborg í Bláfjöllum
Reykjanesfólkvangur	Verndarsvæði Mývatns og Laxár		Fossvogsbakkar
Surtarbrandsgil			Geitland
Teigarhorn			Kringilsárrani
			Skútustaðagígar
			Skógafoss
			Háubakkar
			Rauðhólar

Rauðlituð svæði eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til. Appelsínugul svæði eru í hættu á að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við.

# RAUÐI LISTINN

*Rauðlituð svæði eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.*

## FRÍÐLAND AÐ FJALLABAKI

### STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 354/1979 í Stjórnartíðindum B.*

Aðdráttarafi friðlands að Fjallabaki felst í fegurð óspilltrar náttúru og þeirri víðernistilfinningu sem þar er að finna. Á þessa auðlind hefur verið gengið hratt undanfarin ár og er mikilvægt að hægja á og grípa inn í þróunina áður en auðlindin gengur til þurrðar. Stærð friðlandsins er 44.624 hektarar og er svæðið því víðfeðmt og til þess fallið að dreifa álagi. Svæðið hefur að geyma stórbrotið landslag og er vinsælt útivistarsvæði. Ráðgjafanefnd fyrir friðlandið tók aftur til starfa árið 2012 og er tilgangur nefndarinnar að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um umsjón friðlandsins. Að auki hefur verið unnin þolmarkagreining fyrir Landmannalaugar, Hrafninnusker og Landmannahellir af Háskóla Íslands að beiðni Umhverfisstofnunar. Sett hafa verið upp skilti til varnar utanvegaakstri.

### VEIKLEIKAR

Svæðið býr yfir viðkvæmu lífríki, öræfaauðn og kyrrð. Samfelld gróðursvæði eru fá og endurheimt gróðurs er hæg. Vaxtartími gróðurs er stuttur. Svæðið ver sig illa sjálft. Friðlandið er mikið sótt af ferðamönnum allan ársins hring og álag á svæðið er því ekki einvörðungu bundið yfir sumartímann. Fram kemur í þolmarkagreiningarskýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun að áætlað sé að um 145 þúsund manns hafi farið um Stór Fjallabakssvæðið sumarið 2011 og þar af heimsóttu rúmlega 120 þúsund manns Landmannalaugar og hefur fjöldi gesta þar tvöfaldast á áratug. Viðkvæmasta svæðið innan friðlandsins er að öllum líkindum Landmannalaugar og er þar mest farið að lá sjá. Jafnframt er fjöldi ferðamanna á svæðinu helsta umkvörtunarefni þeirra ferðamanna sem þangað koma. Gönguleiðin Laugavegur er einnig víða illa farin vegna mikils ágangs.

### ÓGNIR 2010

- » Ágangur ferðamanna er stigvaxandi. Ferðamenn eru farnir að keyra á svæðið í auknum mæli á eigin vegum ásamt því að hópferðir og áætlanferðir hafa aukist.
- » Mjög reynir á þolmörk hluta friðlandsins og þá helst á Landmannalaugasvæðið. Samkvæmt skýrslu sem gefin var út árið 2003 um þolmörk ferðamennsku í Landmannalaugum þá er þolmörkum svæðisins náð yfir sumartímann
- » Utanvegaakstur er tíður á Fjallabaki. Landverðir hafa unnið í því ásamt sjálfboðaliðum að hlaða steinum meðfram vegum á verstu svæðunum eða girt hefur verið fyrir villuslóða. Endurnýja þarf þessar varnir á hverju sumri. Efla þyrfti samstarf landvarða og lögreglu hvað utanvegaakstur varðar. Þó má geta þess að í sumar (2010) kom lögreglan upp í Landmannalaugar eftir ábendingu frá landvörðum vegna utanvegaaksturs og voru viðkomandi ferðamenn sektaðir. Sumarið 2009 bar mikið á krossurum og fjórhjólum sem óku utan vega.
- » Framandi tegundir: Lúpína virðist vera að teygja sig inn fyrir friðlandið á nokkrum stöðum.
- » Engin verndaráætlun til og ferðaþjónustuaðilar virðast taka sér sjálfsvald í fjölgun mannvirkja í friðlandinu.
- » Vegum er lítið haldið við sem virðist hvetja til aksturs utan vega. Einnig hafa myndast margar hjáleiðir á ýmsum vegum t.d. á Krakatindaleið og á slóðanum inn að Hrafninnuskeri.

### ÓGNIR 2012

- » Mikið álag af völdum ferðamannastraums, sér í lagi í Landmannalaugar, sem reynir mjög á þolmörk friðlandsins og þeirra sem það heimsækja.
- » Víða er ágangur ferðamanna farinn að valda skemmdum eða stefnir í það.
- » Utanvegaakstur er þó nokkur, mestur á jaðartíma. Viðhaldi vega er ábótavant.
- » Vegna þessa mikla fjölda sem kemur í Landmannalaugar hefur verið bætt við mannvirkjum á svæðinu og ekki alltaf gætt að útliti þeirra. Skipulagsleysi ríkir í Landmannalaugum.

- » Aðstaðan í Landmannalaugum annar ekki þeim fjölda ferðamanna sem þangað leitar.
- » Aðeins einn landvörður var starfandi á svæðinu yfir sumartímann og hefur viðvera hans einnig verið of stutt þar sem ferðamannatímabilið hefur lengst mikið. Mikil þörf er á því að fjölga landvörðum og hafa heilsársstarfsmann fyrir svæðið.
- » Vantar aðstöðu fyrir landverði
- » Aðstöðu vantar til að veita upplýsingar, stað þar sem landverðir taka á móti fólki og leiðbeina því um svæðið og stýra umferð. Einnig er vöntun á íverustað fyrir landverði.
- » Heildarsýn fyrir svæðið vantar.
- » Vantar upp á samræður og samvinnu á milli ríkis og sveitarfélaga.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar ásamt heildstæðri áætlun um landnýtingu svæðisins
- » Betra viðhald vega ásamt betra viðhald og skýrari afmörkun gönguleiða
- » Aukin landvarsla og eftirlit
- » Betri aðkoma að svæðinu
- » Heilsársstarfsemi landvarðar
- » Aukin fræðsla og merkingar

## TÆKIFÆRI 2012

- » Verk- og tímaáætlun fyrir verndaráætlunargerð er lokið og hafin er vinna við verndaráætlanagerð. Vinnan við áætlunina mun taka allt að 1 og ½ ár.
- » Skipað hefur verið í ráðgjafanefnd fyrir svæðið og hefur nefndin fundað.
- » Þolmarkagreining hefur verið unnin.
- » Þörf er á heildar skipulagi fyrir Fjallabakssvæðið sem og deiliskipulag fyrir Landmannalaugar. Nú hyllir loks í að sú vinna fari í gang.
- » Endurskoða þarf alla nýtingu svæðisins t.d. gönguleiðir, reiðleiðir og kortleggja þarf vegi. Létta þarf álagi á Laugaveginn eða byggja upp öfluga gönguleið sem tekið getur á þeim ferðamönnum sem sækja svæðið.
- » Aukin fræðsla og leiðbeiningar til allra þeirra sem fara um svæðið með það í huga að bæta umgengni og virðingu fyrir svæðinu.
- » Styrkja þarf landvörslu í friðlandinu enn frekar en ráðning heilsársstarfsmanns hefur verið skref í rétta átt.
- » Stefnt er að frekari samvinnu ríkis og sveitarfélaga.
- » Setja þyrfti upp þurrsalerni á leiðinni milli Hrafninnuskers og Landmannalauga.

# GEYSIR

## STYRKLEIKAR


Svæðið er sérstakt á heimsvísu og dregur að sér fjölmarga ferðamenn enda eitt þekktasta hverasvæði jarðarinnar. Talið er að allt að 70% þeirra ferðamanna sem koma til landsins heimsæki Geysissvæðið. Á svæðinu gilda sérstakar umgengnisreglur sem settar voru af Geysisnefnd á sínum tíma. Öryggi hefur verið bætt með öryggisgirðingum og tákmyndum. Sett voru upp skilti sem banna reykingar inni á Geysissvæðinu í samráði við sveitarfélagið og hefur umgengni snarbatnað á svæðinu í kjölfarið. Sett voru upp ruslafötur við innganga. Unnið var við lagfæringar á hellulögðum göngustíg svæðisins. Hannaður var og settur upp nýr göngupallur við Blesa auk öryggisgirðingar með tákmyndum þar sem fólk er varað við hættu vegna heits vatns og beðið um að henda ekki smámynt í hverina. Stofnað hefur verið formlegt landeigendafélag fyrir svæðið. Starfsmaður hefur unnið á svæðinu við sorptíslu allt árið um kring.

## VEIKLEIKAR

Geysissvæðið er ekki friðlýst. Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Jarðvegur er víða blautur og traðkast auðveldlega út. Hverahrúður skemmist auðveldlega þegar gengið er á því. Gróður er sérstaklega viðkvæmur á svæðinu og er landið auðrofið. Svæðið er lítið og ekki auðvelt að dreifa ferðamönnum um það.

## ÓGNIR 2010

- » Svæðið er meðal fjölsóttustu áningarstaða ferðamanna á Íslandi.
- » Í allmörg ár hefur verið unnið að kaupum ríkisins á öllu landi innan girðingar á Geysissvæðinu. Landeigendur hafa stöðvað framkvæmdir á svæði utan eignarlands ríkisins vegna þess að ríkið hefur ekki samið við landeigendur um kaup eða eingarnám svæðisins.
- » Hluti landeigenda hefur lagst gegn framkvæmdum innan svæðisins. Svæðið er ekki friðlýst og reynt hefur verið að ná samkomulagi vegna öryggismála innan svæðisins.
- » Töluvert jarðvegsrof er á svæðinu.
- » Aðkoman að Geysi er oft á tíðum slæm, mikið er af rusli og slæm umgengni einkennir svæðið.
- » Stígar, skilti og kaðlar eru í slæmu ástandi. Fólk gengur stjórnlaust um stóran hluta svæðisins.
- » Sápa hefur oft verið borin í hverina af landeiganda síðast árið 2009. Fólk hleður vörður á svæðinu og einhverjir hafa ritað nafn sitt með steinum í hlíð á svæðinu.
- » Fólk hendir peningum í hverina eða tilfallandi rusli



- » Endurbætur í öryggismálum á svæðinu eru í farvegi en verið er að lagfæra brýnan vanda en ekki er um framtíðarlausnir að ræða.

## ÓGNIR 2012

- » Svæðið er meðal fjölsóttustu áningarstaða ferðamanna á Íslandi og er það heimsótt allt árið um kring.
- » Hagsmunaárekstrar hafa komið upp innan ferðaþjónustunnar vegna nýtingar svæðisins.
- » Svæðið er ekki friðlýst og ekki er á hreinu hver ber ábyrgð á svæðinu í heild sinni.
- » Skipulag fyrir svæðið skortir.
- » TÆKIFÆRI 2010
- » Gerð verndaráætlunar
- » Sérstakur landvörður fyrir Geysi
- » Skipulag svæðisins og framtíðarsýn vantar
- » Friðlýsing Geysissvæðisins
- » Laga þarf flesta núverandi göngustíga eða smíða göngupalla
- » Útfæra þarf gróðurverndunargirðingar þannig að þær þurfi ekki stanslaust viðhald.
- » TÆKIFÆRI 2012
- » Friðlýsing Geysissvæðisins.
- » Gerð verndaráætlunar.
- » Skipuleggja þarf svæðið með stýringu umferðar í huga.
- » Laga þarf flesta núverandi göngustíga eða smíða göngupalla.
- » Útfæra þarf gróðurverndunargirðingar þannig að þær þurfi ekki stanslaust viðhald.
- » Svæðið þarfnast heilsársumsjónar en gert er ráð fyrir að umsjón með svæðinu mun batna til muna sumarið 2013 og að heilsársumsjón verði komið á árið 2014.

## HELGUSTAÐANÁMA

### STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 525/1975 í Stjórnartíðindum B.*

Helgustaðanáma er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi en þar var silfurberg grafið úr jörðu frá því á 17.öld og fram á fyrri hluta 20.aldar. Enskt heiti silfurbergs er Iceland spar og er eitt af þeim náttúrufrýrbærum sem kennt er við Ísland enda er það fágætt á heimsvísu. Úr Helgustaðanámu kemur mest af því silfurbergi sem er að finna á söfnum víða um heim. Náman dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna. Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir svæðið af sveitarfélagi í samráði við Umhverfisstofnun. Fulltrúar Umhverfisstofnunar hafa verið í samskiptum við sveitarfélagið varðandi það að gera umsjónarsamning fyrir svæðið. Framleidd hafa verið 2 fræðsluskilti og 1 vegvísir af Umhverfisstofnun sem setja þarf upp í samræmi við deiliskipulag. Umhverfisstofnun lét vinna öryggisúttekt fyrir Helgustaðanámu.

### VEIKLEIKAR

Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Ekkert reglulegt eftirlit er með námunni og eru silfurbergskristallarnir því með öllu óvarðir.

### ÓGNIR 2010

- » Er mikið sótt af erlendum ferðamönnum
- » Fréttir um steinatöku ferðamanna færast sífelld í aukana.
- » Lítið sem ekkert eftirlit er með svæðinu.

### ÓGNIR 2012

- » Mikið álag er af völdum ferðamanna.
- » Fréttir um steinatöku ferðamanna færast sífelld í aukana.

### TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.





- » Gera þarf úttekt á ástandi og meta verndargildi svæðisins.
- » Virkt eftirlit þarf með svæðinu, a.m.k yfir sumartímann.

### TÆKIFÆRI 2012

- » Vinna þarf verndaráætlun.
- » Farið verði í framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag til að minnka álag á svæðið og koma til móts við fjölda ferðamanna sem þangað leitar.
- » Fylgja þarf eftir þeim ábendingum sem koma fram í öryggisúttekt.
- » Koma þarf á virku eftirliti með svæðinu.

## LAUGARÁS

### STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B.*

Verndargildi svæðisins er jökulrispað berg og er svæðið dæmi um ísaldarminjar. Sumarið 2012 fékk Umhverfisstofnun til liðs við sig sérfræðinga frá Háskóla Íslands til að taka út svæðið. Merkt voru inn þau svæði sem æskilegt er að hreinsa gróður af til að varðveita fræðslugildi svæðisins.

### VEIKLEIKAR

Svæðið er á fjölförnum stað í miðju íbúðahverfi. Engir eiginlegir innviðir t.d. göngustígar eru innan friðlandsins en þó hafa orðið til stígar um svæðið sem ekki eru skipulagðir m.t.t. þeirra minja sem er að finna á svæðinu.

### ÓGNIR 2010

- » Framandi tegundir s.s. lúpína og annar garðagróður þekur svæðið og jökulrispaða bergið sést ekki lengur.
- » Svæðið er mjög fjölfarið og er almenningur lítið meðvitaður um að þarna sé friðland.

### ÓGNIR 2012

- » Lúpína og annar garðagróður hefur að mestu leyti kæft þær jökulmyndanir sem er að finna innan hins friðlýsta svæðis.
- » Umgengni er ábótavant en svæðið er fjölsótt.
- » Takmarkaða fræðsla er að finna um svæðið.

### TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Fylgjast þarf með og uppræta framandi tegundir.
- » Aukin fræðsla og upplýsingagjöf.

### TÆKIFÆRI 2012

- » Vinna þarf verndaráætlun.
- » Uppræta þarf framandi tegundir og ná fram þeim jökulminjum sem gera svæðið sérstakt.
- » Skipuleggja þarf göngustíga um svæðið, leggja þá og viðhalda þeim.
- » Auka þarf fræðslu og upplýsingagjöf um svæðið og verndargildi þess.

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B.

Jarðfræði svæðisins er merkileg á heimsvísu en þar eru eldstöðvar af ýmsum gerðum ásamt gömlum og nýjum hraunum. Mikið er af minjum um lífshætti fólks á fyrri tímum. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði. Geysileg fjölbreytni í jarðmyndunum, landslagi og litum, óvenjuleg vötn, fjölbreytt hraun, grösugir balar og vellir, jarðhiti með tilheyrandi litskrúði einkennir svæðið. Innan fólkvangsins eru svæði sem gætu fallið undir skilgreiningu víðernis. Að slík svæði finnast svo nærri miklu þéttbýli er mjög verðmætt. Svæðið er einnig mikilvægt m.t.t. fræðslu og rannsókna. Landvörður starfar á vegum stjórnar Reykjavíkurfólkvangs. Sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar hafa fjarlæggt mikið magn af rusli úr fólkvanginum í samvinnu við landvörð undanfarin sumur og unnið við viðhald göngustíga. Unnin hafa verið drög að stjórnunaráætlun fyrir fólkvanginn. Unnið var að mörgum ábendingum sem finna var á rauða listanum árið 2010 á vegum stjórnar fólkvangs.

## VEIKLEIKAR

Innan fólkvangsins er að finna hverasvæði og ummyndanir sem eru mjög viðkvæmar. Landið var víða vel gróið en hefur verið ofnýtt og gróður er nú víða mjög illa farinn vegna ofbeitar og landeyðingar. Jarðvegseyðing er töluverð innan fólkvangsins. Ýmsir áhugahópar hafa helgað sér svæðið m.a. til torfæruaksturs og er landið víða illa farið. Svæðið er nálægt stórum þéttbýliskjörnum og fylgir því mikill ágangur. Áætlanir eru um rannsóknir og nýtingu jarðhita í samræmi við Rammaáætlun. Innan fólkvangsins eru u.þ.b. 23 námur, flestar ófrágengnar eða í notkun.

## ÓGNIR 2010

- » Fyrirhuguð jarðhitanýting og rannsóknir þeim tengdum.
- » Efnistaka. Gert er ráð fyrir að efnisnám í Vatnsskarði stækki verulega.
- » Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið hefur borið á því að verktakar og aðrir losi úrgang innan fólkvangsins. Reglulega er kveikt í bílum í fólkvanginum.
- » Svæðið er fjölsótt.
- » Sauðfé er beitt innan fólkvangsins.
- » Rallý hafa verið haldin reglulega á haustin.
- » Fólkvangurinn er illa farinn vegna utanvega aksturs og eru slóðir frá vegum óteljandi og hjólför áberandi í grónu og ógrónu landi.
- » Vélhjól hafa unnið gifurleg spjöll á landi í fólkvangnum, leirmyndanir á jarðhitasvæðum, mosi á klöppum og votlendi bera djúp för eftir vélhjólin.

## ÓGNIR 2012

- » Auknar álagsskemmdir af völdum aukinnar umferðar almennings og landnotkunar af ýmsu tagi. Heilsársferðamennska er viðvarandi í Reykjanesfólkvangi og vantar innviði og eftirlit til að koma til móts við hana.
- » Á Eldborg undir Geitahlíð hefur orðið vart við álagsskemmdir á formi aksturs eftir jeppaslóða er liggur með hrauntröð frá vegi að gígnum.
- » Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið hefur borið á því að verktakar og aðrir losi úrgang innan fólkvangsins. Reglulega er kveikt í bílum í fólkvanginum.
- » Mikið er um að menn æfi skotfimi innan fólkvangsins með tilheyrandi sóðaskap.
- » Naðurtunga sem vex á svæðinu er talin í nokkurri hættu (LR) skv. valista NÍ, talsvert útbreidd við hverri norðan Trölladyngju.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Æskilegt væri að á svæðinu væri heilsárslandsvarsla. Landvörður hefur ekki starfað í fólkvanginum sl. 2 sumur en í stað þess hefur verið ráðinn verkamaður af Grindavíkurbæ (að beiðni stjórnar Reykjanesfólkvangs). Viðvera landvarðar hefur dregið úr akstri utan vega sem og öðrum ólöglegum athöfnum manna á svæðinu.
- » Gerð verndaráætlunar er brýnt verkefni.
- » Efla þarf fræðslu og upplýsingagjöf um fólkvanginn, náttúru- og menningarminjar innan hans.
- » Endurheimta þyrfti fyrra gróðurfar og styrkja þannig viðhald þeirra vistkerfa sem á svæðinu eru og stöðva jarðvegsrof. Uppræta þarf lúpínu.
- » Gera þarf átak í merkingum og eftir atvikum stikun gönguleiða í fólkvanginum.
- » Óparfa girðingar þarf að fjarlægja.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Aðvörunarskilti á Krýsuvíkurbergi, þarfnast endurnýjunar.
- » Afmarka þarf ýmis bílastæði innan fólkvangsins til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.
- » Efla þarf fræðslu um utanvegaakstur.
- » Óparfa girðingar þarf að fjarlægja auk þess sem halda þarf áfram að fjarlægja rusl úr fólkvanginum.
- » Klára þarf stjórnunaráætlun og aðlaga hana þannig að hún nýtist einnig sem verndaráætlun.



## VERNDARSVÆÐI MÝVATNS OG LAXÁR

### STYRKLEIKAR

Upphaflega verndað með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 36/1974. Í dag er svæðið friðað með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 97/2004. Á svæðinu starfar sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar. Innviðir svæðisins eru þó nokkrir. Svæðið er mikið nýtt til rannsókna enda er þar mjög fjölbreytt dýralíf ásamt sérstæðum jarðmyndunum og fjölmörgum mikilvægum vistkerfum. Svæðið er Ramsar svæði og því alþjóðlega mikilvægt. Verndaráætlun hefur verið samþykkt og gefin út. Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár var sett sumarið 2012.

### VEIKLEIKAR

Mikill fjöldi ferðamanna kemur að Mývatni. Svæðið hefur að geyma viðkvæm vistkerfi og má þar t.d. nefna búsvæði kúluskíts sem er sérstætt á heimsvísu, samspil rykmýs, fuglalífs, fiska og hornsíla ásamt jarðhitasvæðum og jarðmyndunum. Svæðið hefur að geyma viðkvæm gróðursvæði og viðkvæmar jarðmyndanir.

### ÓGNIR 2010

- » Virkjanaáform.
- » Röskun á vatnsgæðum.
- » Kúluskítur er á undanhaldi.
- » Mikill fjöldi ferðamanna.

### ÓGNIR 2012

- » Áform eru um að virkja í Bjarnarflagi og óvissa ríkir um áhrif virkjanaframkvæmda á vistkerfi Mývatns.
- » Kúluskítur sem er friðlýst tegund er á undanhaldi í Mývatni en rannsóknir sýna að aðeins er u.þ.b. 2% eftir af upprunalegum stofni í vatninu.
- » Frárennsli er víða veitt út í Mývatn en fráveitumálum er víða ábótavant í sveitarfélaginu.

- » Mikill ferðamannastraumur setur auka álag á vistkerfi svæðisins bæði hvað varðar fráveitu og ágang á náttúruverndarsvæði.

### TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar er í vinnslu.
- » Styrkja þarf innviði svæðisins, mörgum gönguleiðum er ábótavant.
- » Tryggja þarf að vatnsgæðum sé ekki raskað.
- » Kúluskítur er á undanhaldi og rannsaka þyrfti ástæður þess og grípa til endurheimtar ef hægt er.
- » Tryggja þarf að virkjanaáform hafi ekki áhrif á lífríki svæðisins enda er það einstakt á heimsvísu.

### TÆKIFÆRI 2012

- » Vinna þarf eftir þeim áætlunum sem fram koma í verndaráætlun og hrinda þeim verndaráðstöfunum í framkvæmd sem eru brýnastar.
- » Tryggja þarf í samvinnu við sveitarfélag að fráveitumál svæðisins uppfylli reglugerð 665/2012 en þar er kveðið á um að skólp á vatnasviðinu skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.
- » Vinna þarf áfram með niðurstöður rannsókna á kúluskít með rannsóknaraðilum.
- » Gera þarf samning við rannsóknaraðila varðandi vöktun og fyrirkomulag hennar innan verndarsvæðis Mývatns.
- » Vinna skal sérstaka aðgerðaráætlun í samvinnu við sveitarfélag og landeigendur um veiðar á tegundum sem geta haft skaðleg áhrif á verndarstöðu fuglalífs á verndarsvæðinu.
- » Eyða þarf óvissu hvað varðar virkjanaframkvæmdir á svæðinu og tryggja þarf að virkjanaáform hafi ekki neikvæð áhrif á hið einstaka lífríki Mývatns.

# APPELSÍNUGULI LISTINN

*Appelsínugul svæði eru í hættu á að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við.*

## HVERAVELLIR

### STYRKLEIKAR

*Svæðið er friðlýst sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 217/1975 í Stjórnartíðindum B.*

Hveravellir voru þó fyrst friðlýstir sem náttúruvætti árið 1960. Mikið hefur áunnist á Hveravöllum undanfarin tvö sumur. Sett var upp pallastétt við salerni og smíðuð pallastétt og lítil brú sem liggur frá bílastæði upp að gamla skálanum og meðfram skálanum að núverandi pallastétt sem liggur upp á hverasvæðið. Brúin yfir heita lækinn hefur verið endursmíðuð og þeirri gömlu fargað. Sumarið 2012 störfuðu 2 landverðir í einu stöðugildi á Hveravöllum og tók svæðið miklum stakkaskiptum á þessu stutta tímabili en mikið viðhald var viðhaft á svæðinu. Farið var í það að endurnýja stóran hluta göngupalls sem liggur um svæðið ásamt því að setja upp fleiri merkingar til að stýra fólki betur um svæðið og upplýsa það um umgengnireglur og góða umgengni. Mikið magn af rusli var fjarlægt.

### VEIKLEIKAR

Svæðið er ekki stórt og því er átroðningur ferðamanna mikill á sama svæðinu.

Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Vaxtartími gróðurs er stuttur og sauðfé leitar inn á svæðið. Árið 2010 lá hverasvæðið undir miklum skemmdum enda voru innviðir svæðisins úr sér gengnir og fólk gekk nær stjórnlaust um allt hverasvæðið. Erfitt hefur verið að halda úti landvörslu á svæðinu vegna aðstöðuleysis. Aðkoman að svæðinu hefur ekki verið góð og framtíðarsýn fyrir svæðið hefur vantað.

### ÓGNIR 2010

- » Straumur ferðamanna til Hveravalla hefst um leið og Kjalvegur opnar og af reynslu undanfarinna ára þá má ráða að hann haldist þar út ágúst mánuð. Ýmsir eru þó á ferðinni fyrr og virðist fólk freistast til utanvegaaksturs áður en Kjalvegur er opnaður til að sneiða hjá hindrunum í veginum. Af þessu hljótast ljót för utan vegar.
- » Ábendingar hafa borist um utanvegaakstur hestamanna (trúss) við Kjalveg sunnan Hveravalla. Mjög mikið álag er á Hveravallasvæðinu og liggur hverasvæðið víða undir skemmdum. Fólk reynir að komast sem næst hverunum og gengur nær stjórnlaust um allt hverasvæðið.
- » Aðkoman að Hveravallasvæðinu er ekki góð og þarf að ákveða hvaða svip svæðið á að bera.
- » Kindur koma inn á svæðið og gera þarfir sínar auk þess sem þær marka kindagötur sem ferðamenn eru gjarnir að fylgja.
- » Öryggismálum er ábótavant.
- » Ekki liggur fyrir verndaráætlun.

### ÓGNIR 2012

- » Mikið álag á litlu svæði.
- » Of stutt viðvera landvarða.
- » Engin verndaráætlun er til.
- » Nokkur svæði innan náttúruvættisins t.d. þar sem ekki eru pallar liggja undir skemmdum.
- » Ferðamenn henda grjóti í hverina.
- » Sauðfé sækir enn inn á svæðið.



## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Frekari uppbygging göngustíga og göngupalla til að hlífa hverasvæðinu og stýra fólki um svæðið.
- » Bætt aðkoma að svæðinu
- » Bættar merkingar, vegvísar, upplýsinga- og viðvörunarskilti. Lengri viðvera landvarða.
- » Aukin fræðsla og gönguleiðakort.
- » Uppræting lúpínu.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Stígar eru á svæðinu sem þarf sífellt að laga og bæta. Halda þarf áfram að vinna í göngupöllum til að forða hverasvæðinu frá frekari skemmdum og koma í veg fyrir slys á fólki. Palla verða stórbættir sumarið 2013.
- » Samræður hafa verið á milli Hveravallafélagsins og Umhverfisstofnunar vegna ástands svæðisins t.a.m. um salernismál og vatnsgæði.
- » Hverir verða merktir árið 2013 en merkja þarf með viðvörunum við hverina.
- » Tjaldsvæðið er vanbúið og innviðir þar anna ekki þeim fjölda sem kemur á svæðið.
- » Vinna þarf verndaráætlun.
- » Áframhaldandi samvinna Umhverfisstofnunar, rekstraraðila og sveitarfélags.
- » Tryggja þyrfti lengri viðveru landvarða yfir ferðamannatímabilið en sumarið 2013 verður bætt töluvert úr þar sem svæðalandvörður mun hafa eftirlit með svæðinu fram til loka ágúst 2013.

## TEIGARHORN

### STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 518/1975 í Stjórnartíðindum B.*

Teigarhorn er friðlýst náttúruvætti síðan árið 1975 og einn þekktasti fundarstaður geislasteina (e.zeolite) í heimi. Geislasteinar finnast þar í klettum og sjávarhömrum þar sem þeir losna úr berginu við veðrun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna enda víða getið í ferðahandbókum. Ríkið hefur nú fest kaup á jörðinni og stendur til að stækka friðlýsta svæðið auk þess sem fólkvangur verður stofnaður utan um náttúruvættið.

### VEIKLEIKAR

Ekki hefur verið virkt eftirlit með svæðinu og þyrfti að tryggja daglegt eftirlit með náttúruvættinu. Jarðmyndanir á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski.

### ÓGNIR 2010

- » Enginn ábúandi er eins og er á Teigarhorni og því lítið sem ekkert eftirlit með svæðinu.
- » Náttúrulegt rof.
- » Engar merktar gönguleiðir.

### ÓGNIR 2012

- » Óvissa ríkti um sölu jarðarinnar.
- » Mikill fjöldi ferðamanna fer um svæðið og margir reyna að hafa steina með sér á brott.
- » Óheimilt er að fara inn á svæðið nema með leyfi landeiganda, en enginn ábúandi er á svæðinu og því vantar eftirlit. Þetta stendur nú til bóta og gert er ráð fyrir að samið verði við sveitarfélagið um umsjón með svæðinu og stýringu umferð inn á það.



## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar og þannig stefnumótunar um framtíð svæðisins
- » Mikil þörf er á vörslu og eftirliti með svæðinu
- » Fræðsla og upplýsingagjöf. Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við gerð skilta fyrir svæðið

## TÆKIFÆRI 2012

- » Mikil þörf er á vörslu og eftirliti með svæðinu.
- » Vinna þarf framtíðarsýn og tryggja þarf umsjón og eftirlit með náttúruvættinu.

# DYRHÓLAEY

## STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 101/1978 í Stjórnartíðindum.*

Verndargildi svæðisins felst í fuglalífi þó svo að í eðli sínu þá sé svæðið merkilegra ef horft er til þess landslags sem það býr yfir. Svæðið er nýtt af nytjaréttihöfum, þ.e. dúntekja og grastekja.

Samkvæmt auglýsingu um svæðið þá getur Umhverfisstofnun takmarkað ferðir út í Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní vegna verndunar fuglalífs. Fuglafræðingur herfur árlega verið fenginn til að meta ástand fuglalífs í eyjunni m.t.t. þörf á lokun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna, sér í lagi vegna fallegs og sérkennilegs landslags. Gerður hefur verið umsjónarsamningur við sveitarfélagið Mýrdalshrepp um umsjón svæðisins og hefur í kjölfarið hafist landvarsla í eyjunni í samvinnu sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar. Sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar hafa unnið í eyjunni í hinum ýmsu verkefnum. Þannig hafa gönguleiðir verið afmarkaðar, settar hafa verið upp girðingar og

merkingar, gróður hefur verið endurheimtur og spornað hefur verið við utanvegaakstri. Með tilkomu nýrra gönguleiða á svæðinu er stýring og dreifing ferðamanna mun skilvirkari en áður. Náttúrustofa Suðurlands gerði sumarið 2012 samanburðarrannsókn á fuglalífi í Dyrhólaey að beiðni Umhverfisstofnunar. Að auki framkvæmdi Veðurstofa Íslands mat á berghruni í Dyrhólaey í maí 2012 að beiðni Umhverfisstofnunar og Ofanflóðasjóðs í kjölfar slyss sem varð í eyjunni. Skipað hefur verið í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið þar sem málefni svæðisins hafa verið rædd og unnið hefur verið að gerð verndaráætlunar sem er komin langt á leið. Sett hafa verið upp salerni á Háey sem eru í umsjón sveitarfélagsins.

## VEIKLEIKAR

Svæðið er viðkvæmt fyrir átroðningi ferðamanna en þó hafa viðkvæmustu svæðin verið girt af, afmörkuð með öðrum hætti eða umferð beint frá þeim með nýju stígakerfi. Mikil umferð ferðamanna um ekki stærra svæði setur mikið álag á stígakerfið. Stígar þurfa því mikið viðhald. Úttekt á fuglalífi í eyjunni gefur til kynna að öllum tegundum sem taldar voru hefur fækkað verulega frá aldamótum. Að mati fuglafræðinga er að einhverju leyti um að kenna fæðuskorti í hafi.

## ÓGNIR 2010

- » Nauðsynlegt er að ná utan um umferð ferðamanna og stýra umferðinni betur.
- » Deiliskipulag til staðar en lítið hefur verið framkvæmt af því sem er á deiliskipulagi.
- » Ósætti hefur ríkt um stjórnun svæðisins. Mismunandi hagsmunir milli ferðapjónustu og sveitarfélags annars vegar og nytjarréttihafa/ábúenda hins vegar.

- » Öryggi ferðamanna er ábótavant, vegir eru lélegir bæði að svæðinu og innan þess. Brattir hamraveggir sem kunna að reynast hættulegir fari ferðamenn óvarlega.
- » Eitthvað hefur verið um utanvega akstur, aðallega vegna skorts á afmörkun bílastæða og almennra merkinga.
- » Fuglalíf er á undanhaldi. Líkleg ástæða er fæðuskortur í hafi og að einhverju leyti vargur.

## ÓGNIR 2012

- » Álag á Dyrhólaey af völdum ferðamanna er töluvert en þó er búið að ná að stýra umferð að mestu og álag því svæðisbundið.
- » Deilur standa enn yfir en ráðgjafanefnd hefur verið stofnuð um málefni friðlandsins. Mikilvægustu hlutar eyjunnar hafa áfram verið lokaðir á varptíma.
- » Öryggi ferðamanna er enn ábótavant, brattir hamraveggir sem kunna að reynast hættulegir fari ferðamenn óvarlega. Úttekt á hrunhættu hefur verið framkvæmd. Einhverjar úrbætur hafa verið gerðar og hafa öryggisgirðingar verið settar upp.
- » Nokkuð er enn um utanvegaakstur.
- » Vegurinn upp á Háey og bílastæði þar er illa farið og þarfnast úrbóta þrátt fyrir að hafa verið lagaður vorið 2012.
- » Töluvert hefur dregið úr varpi á eyjunni og hefur fuglalíf verið í lágmarki. Þó var vart við fjölgun milli ára 2011 og 2012.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Framkvæmdir samkvæmt skipulagi.
- » Stýring á umferð, bæði vélknúinni og umferð gangandi vegfarenda.
- » Endurheimt fuglalífs eftir því sem kostur er.
- » Sátt um stjórnun friðlandsins þarf að ríkja milli aðila.
- » Landvarsla á svæðinu, a.m.k. yfir varptíma.
- » Úrbætur í öryggismálum og upplýsingagjöf.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Verndaráætlun er á lokastigi og verður lokið við gerð hennar um mitt ár 2013.
- » Gera þarf vöktunaráætlun til að vakta grunnþætti lífríkis í eyjunni auk áhrifa ferðamanna á friðlandið.

- » Aukin landvarsla hefur verið í eyjunni á vegum sveitarfélags og Umhverfisstofnunar og tryggja þarf landvörslu yfir varptímann.
- » Afmarka þyrfti enn betur útlínur vega með línunum eða hleðslum til að koma í veg fyrir utanvegaakstur en þó hefur mikið áunnist árið 2012.
- » Gera þyrfti beitarþolsúttekt á svæðinu ef beit verður áframhaldið.
- » Gert er ráð fyrir að ljúka úrbótum á öryggi ferðamanna sumarið 2013.
- » Miklar úrbætur hafa verið gerðar í innviðum, stígum, skiltum o.s.frv. Má þó bæta enn frekar.
- » Stýring og dreifing ferðamanna er mun betri árið 2012 en hún var árið 2010, en áætlað er að sumarið 2012 hafi mest um 1000 manns heimsótt svæðið á dag.
- » Setja þarf upp salerni á Lägey.

# ELDBORG Í BLÁFJÖLLUM

## STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 121/1974 í Stjórnartíðindum B.*

Fallegt landslag, sérstakar jarðmyndanir. Göngustígur liggur frá bílastæði upp á Eldborgina. Haustið 2012 var unnið lítilliga í göngustígagerð á svæðinu, villustígum var lokað og mosi græddur í sár þar sem villustigar höfðu myndast um gígnn.

## VEIKLEIKAR

Viðkvæmur gróður og jarðmyndanir. Svæðið er fast við veginn upp að Bláfjöllum og því er aðgengi að því mjög gott. Styrkja þarf innviði svæðisins til að hægt sé að koma til móts við þá sem vilja ganga um svæðið en mosinn og hraungígarnir eru mjög viðkvæmir og þola illa mikið traðk. Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

## ÓGNIR 2010

- » Mikið af rusli og brotajárni er innan við bílastæðið.
- » Töluvert af fólki nýtir svæðið.
- » Hætta á traðki.

## ÓGNIR 2012

- » Æ fleira fólk nýtir svæðið.
- » Innviðir eru enn of stutt á veg komnir til að taka á móti miklum fjölda fólks.
- » Mosi á svæðinu er víða illa farinn bæði af manna völdum og vegna veðurfars.
- » Hætta er á því að gígurinn traðkist út ef ekki verður gripið til aðgerða.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Gera þarf úttekt og meta ástand svæðisins, þ. á m. gönguleiða. Gera þyrfti gönguleiðir sem þola ágang ferðamanna.
- » Auka þarf upplýsingagjöf og merkingar.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar
- » Halda þarf áfram að vinna við göngustíga og mosaígræðslu og loka óæskilegum gönguleiðum sem skerða verndargildi svæðisins.
- » Upplýsinga og fræðsluskilti er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

# FOSSVOGSBAKKAR

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 326/1999 í Stjórnartíðindum B.

Sérstæðar jarðmyndanir. Vinsælt útivistarsvæði.

## VEIKLEIKAR

Náttúruvættið er berskjaldað fyrir náttúruöflunum og þá aðallega fyrir sjávarrofi.

Göngustígur liggur rétt ofan náttúruvættis. Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

## ÓGNIR 2010

- » Sjávarrof
- » Mannvirkjagerð
- » Framandi og ágengar plöntutegundir

## ÓGNIR 2012

- » Sjávarrof
- » Mannvirkjagerð
- » Framandi og ágengar plöntutegundir

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Vörn gegn sjávarrofi.
- » Mannvirkjagerð verði skipulögð þannig að hún raski ekki jarðmyndunum.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Vörn gegn sjávarrofi.
- » Mannvirkjagerð verði skipulögð þannig að hún raski ekki jarðmyndunum.
- » Auka þyrfti fræðslu um svæðið.

# GEITLAND

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 283/1988 í Stjórnartíðindum B.

Svæðið er fallett með fjölbreyttu landslagi og gróðurfari. Þó nokkur umferð er um friðlandið. Megnið af friðlandinu ver sig þó sjálft vegna jökuláa, en göngufólk getur þó gengið um svæðið. Landvörður á Vesturlandi hefur eftirlit með svæðinu yfir sumartímam. Jarðvegur hefur verið fjarlægður af svæðinu vegna olíumengunar sem varð við Jaka og settur var skeljasandur í staðinn. Sett voru upp skilti sem banna umferð a slóða sem myndaðist eftir að vatnsbílar sóttu vatn í Geitá til að bera á vegi á svæðinu. Vegagerðin fjarlægði tvö ræsi sem lágu innan friðlandsins, að beiðni Umhverfisstofnunar en að auki var mikið af rusli fjarlæggt sumarið 2012.

## VEIKLEIKAR

Takmarkaðir innviðir eru til staðar til að taka á móti ferðafólki. Svæðið er heldur úr alfaraleið og því erfiðara um við að viðhalda eftirliti á friðlandinu.

## ÓGNIR 2010

- » Mikið álag er við skálann Jaka og svæðið þar í kring
- » Slæm umgengni á svæðinu
- » Olíuleki hjá ferðapjónustuaðilum
- » Lúpína er komin nálægt friðlandinu
- » Bannað er að veiða í friðlandinu en samt sem áður finnst mikið af skothylkjum á svæðinu.

## ÓGNIR 2012

- » Enn er mikið álag á svæðinu við Jaka og er aðkoman þar alls ekki góð.
- » Slæm umgengni einkennir svæðið. Enn er þó nokkuð um rusl innan friðlandsins, t.d. stórir járnbitar, plötur og timburstaurar.





- » Mikið af haglaskotshylkjum finnst á svæðinu þrátt fyrir bann um veiðar í friðlandinu.
- » Vart hefur verið við utanvegaakstur.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Stikun gönguleiða.
- » Bætt umgengni. Auka þarf fræðslu og upplýsingagjöf jafnt til ferðafólks og ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar
- » Taka þarf allt svæðið til gagnerrar endurskoðunar og bæta þarf umgengni þeirra sem friðlandið nýta og um það fara.
- » Samráð og samvinna þarf að vera á milli þeirra sem svæðið nýta, Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins. Ganga þyrfti til samninga við þá sem reka ferðaþjónstu á svæðinu.
- » Fjarlægja þarf ónýtar girðingar í friðlandinu.
- » Fjarlægja þarf lúpínu sem er rétt utan við friðlandið, en hætta er á að lúpína komist inn í friðlandið.

# GRÁBRÓKARGÍGAR

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 216/1975 í Stjórnartíðindum B.

Fyrst lýst náttúruvætti 1962. Gígarnir þrír eru gjall- og klepragígar á sprungu og er Grábrók gjallgígur. Gígarnir eru vinsælir meðal ferðamanna og einnig laða þeir að sér nemendur frá Bifröst til útivistar. Landvörður

á vegum Umhverfisstofnunar ver miklum tíma á Grábrókargígasvæðinu yfir sumartímann. Stór hópur sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar hefur unnið á svæðinu undanfarin tvö sumur. Gönguleiðir hafa verið afmarkaðar enn frekar, lagfærðar og merktar, komið er fræðsluskilti á svæðið, villustígum hefur verið lokað, tröppur voru lagaðar, borið var á göngupallana, mosi var græddur í sár og mikið magn rusls hefur verið fjarlægt af svæðinu.

## VEIKLEIKAR

Viðkvæmar jarðmyndanir. Viðkvæm gróðursamfélög. Svæðið er mjög opið fyrir umferð allan ársins hring enda staðsett við hringveginn.

## ÓGNIR 2010

- » Margir gestir heimsækja svæðið og svæðið hefur troðist niður
- » Tilkoma háskólaþorps á Bifröst hefur aukið álag á svæðið. Nýjar gönguleiðir hafa myndast á gígana frá Bifröst.
- » Ferðamenn tína grjót úr Grábrókinni og varð landvörður vitni að því að leiðsögumaður deildi út pokum á hópinn sinn. Ferðaþjónustuaðilar bera litla ábyrgð og rútuþópar eru ekki undir eftirliti.
- » Gera þarf úttekt á aðstöðu og verndargildi svæðisins
- » Mikið rusl fellur til á svæðinu. Skoða þyrfti að setja upp ruslabiður.
- » Búfenaður gengur um viðkvæm svæði.
- » Ferðamenn hlaða vörður.
- » Hópsamkomur, þar sem að jafnvel nokkur hundruð manns fara í hópum upp gígana.
- » Svæðið í kringum bílastæðin og upp að girðingu er illa farið og útsparkað.
- » Brýn þörf fyrir salerni.



- » Grábrókarfell er byrjað að fara illa. Þar er gróður viðkvæmari.
- » Ritað hefur verið í mosann (mosi rifinn)

## ÓGNIR 2012

- » Mikið álag er á svæðinu.
- » Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið en rík þörf er fyrir slíka áætlun þar sem gríðarlegur fjöldi heimsækir svæðið og átroðningur er mikill.
- » Margir gamlir stígar setja neikvætt útlit á svæðið.
- » Ekkert salerni er á svæðinu.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar. Heildstætt skipulag náttúruvættisins
- » Rörahlið þyrfti að setja upp til varnar búfénaði.
- » Vantar skilti
- » Tengiliður á Bifröst sem Umhverfisstofnun getur unnið með.
- » Kortið á bílastæðinu er úrelt og þarfnast uppfærslu.
- » Ekki eru salerni eða ruslatunnur á svæðinu en nauðsynlegt er að hafa starfsmann á staðnum til að sjá um það ef til kæmi
- » Teljari inn á svæðið kæmi sér vel til að hafa hugmynd um hversu mikið álag er á svæðinu
- » Kanna þyrfti möguleika á að Háskólinn á Bifröst tæki að sér umsjón með náttúruvættinu.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Koma þyrfti upp þurrsalerni (ecoflush) inni á svæðinu ef Hreðavatnsskáli verður áfram lokaður.
- » Afmá þarf eldri gönguleiðir sem setja ljótan svip á gígana og endurheimta þeirra náttúrulega útlit gígsins. Áætlanir eru uppi um slíkar aðgerðir sumarið 2013
- » Halda þarf áfram með mosaendurheimt á Grábrókarfelli, en áætlanir um mosaendurheimt verða áfram árið 2013
- » Ljúka þarf smíði stiga upp úr á gígarminn að sunnan en þeirri vinnu var stöðvað vegna fjárskorts. Ná þarf til ferðamanna um bættu hegðun, að fólk haldi sig á stígum og noti salerni í nágrenni svæðisins.

## GULLFOSS

### STYRKLEIKAR

*Svæðið er friðlýst samkvæmt auglýsingu nr. 141/1979 í Stjórnartíðindum B.*

Svæðið laðar að sér mikinn fjölda ferðamanna og er áætlað að um 70% þeirra ferðamanna sem koma til landsins, heimsækir svæðið. Innviðir hafa verið lagaðir og styrktir, göngustígar lagaðir og girtir af og er aðkoman á svæðið orðin betri. Nýr útifræðslustígur (Sigríðarstígur) hefur verið vígður og sett hefur verið upp mikið af fræðsluskiltum bæði við stígin og utan hans. Lagður hefur verið göngupallur frá bílastæði á neðra plani, fram á útsýnisstað og niður að göngustíg sem liggur að Gullfossi og þannig hefur aðgengi hreyfihlaðra einnig verið bætt. Borið hefur verið í göngustíginn sem liggur niður að Gullfossi og sett í hann ný dren. Þrep í stiga sem liggur á milli efra og neðra svæðis hafa verið endurnýjuð. Bætt hefur verið við göngupalla og þeir pallar sem voru fyrir hafa verið lagaðir og styrktir. Pallarnir eru vel hannaðir og þola mikið álag. Öryggisúttekt hefur verið unnin á svæðinu þar sem fram komu margar góðar ábendingar hvað varðar öryggi ferðamanna og í framhaldinu var t.d. sett upp betri og sterkari öryggisgirðing við fossbrúnina.

Gróðursvæði (fyrir framan bílastæði) á neðra svæði hefur verið girt af til verndar gróðri. Með því að styrkja göngustígakerfi svæðisins og setja upp fleiri fræðsluskilti fyrir ferðamenn þá hefur tekist að stýra enn frekar umferð um svæðið og færri ganga nú utan stiga og lítur svæðið í heild sinni nú mun betur út þar sem ágangur á náttúru Gullfosssvæðisins er minni en hefur verið. Umhverfisstofnun stendur nú fyrir hugmyndasamkeppni um framtíðarhugmyndir um uppbyggingu á Gullfosssvæðinu í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, sveitarfélag og landeigendur með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna.

### VEIKLEIKAR

Svæðið er oft á tíðum mjög blautt vegna vatnsúða frá fossinum og er því viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna. Svæðið er mjög fjölsótt og hefur ekki verið stöðug landvarsla á svæðinu, en landvörður sem hefur aðsetur í friðlandi að Fjallabaki hefur haft eftirlit á u.þ.b. 10 daga fresti yfir sumartímenn. Friðlandið er það fjölsótt að mikilvægt er að hafa heilsársstarfsmann á svæðinu til að sjá um málefni þess ásamt Geysi.

## ÓGNIR 2010

- » Svæðið hefur mikið látið á sjá og mörg mannvirki orðin þreytt. Gróðurþekja er víða rofin. Yfirbragð svæðisins er þreytt.
- » Mikið af hliðarstígum hafa myndast frá malarstígnum á neðra svæði þar sem að ferðamenn taka sveig út af stígnum til að forðast vatnsúða. Afleiðingin eru miklir og djúpir slóðar sem umbreytast svo í mold og drullu. Einnig hafa myndast slóðar í brekkuna í stað þess að ganga upp stigann sem er hjá bílastæðunum.
- » Göngupallur frá Sigríðarstofu þarfnast viðhalds.
- » Mikið er gengið hjá klettabrúninni og því komnir djúpir slóðar þar. Búið var að stika fyrir þessa gönguleið en sú girðing náði ekki nógu langt.
- » Gera þarf úrbætur í öryggismálum við fossbrún.
- » Ferðamenn skilja eftir mikið rusl á svæðinu. Settar voru upp ruslafötur á efra og neðra svæði sumarið 2009.
- » Skoða þarf að sá í verstu svæðin í brekkunni. Stór svæði eru skemmd eftir ágang fyrri ára. Girðingar sem voru reistar árið 2009 gegna sínu hlutverki en líta ekki vel út.
- » Sigríðarstofu er mjög ábótavant og er húsið orðið þreytt

## ÓGNIR 2012

- » Á svæðinu er mikið álag af völdum ferðamannastraums og er mikilvægt að ná vel utan um stýringu ferðamanna.
- » Tröppur á milli efra og neðra svæðis anna ekki þeim fjölda ferðamanna sem þar fer um.
- » Vart hefur verið við hagsmunaárekstra innan ferðaþjónustunnar hvað varðar nýtingu svæðisins.
- » Ennþá eru töluverðar gróðurskemmdir á nokkrum svæðum innan friðlandsins vegna ágangs ferðamanna.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar og heildarstefnu sem hægt er að vinna eftir.
- » Brýna þarf fyrir eigendum og rekstraraðilum að bæta umgengni og frágang utanhúss.
- » Landverðir benda á að hægt væri að bæta við útsýnispalli við klettabrúnina á ofanverðu svæðinu þar sem búið er að girða af. Þetta myndi beina fólki eina leið og hlífa brekkunni fyrir neðan. Bera þarf jarðveg í sárin og jafnvel sá í svæðin sem lokað hefur verið fyrir.
- » Viðhalda þarf öllum göngupöllum, útsýnispöllum og stiganum frá neðra bílastæði upp á efri útsýnispall.

- » Bera þyrfti mól í gönguleiðir. Athuga þarf með aðgengi við neðri útsýnisklettinn sem og aðkomu að honum en neðri stígurinn er illa farinn.
- » Hægt væri að helluleggja svæðið framan við neðra bílastæði þannig að undirlag sé á þann hátt að fatlaðir komist til að njóta útsýnisins. Mól var borin í svæðið í sumar.
- » Sigríðarstígur er í burðarliðnum.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Niðurstöður hugmyndasamkeppni liggja fyrir og nú er unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið. Þegar þeirri vinnu lýkur (um mitt ár 2013) verður farið í úrbætur á ásýnd svæðisins og stígum. Hefst sú vinna strax 2013.
- » Vinna þarf verndaráætlun fyrir svæðið.
- » Aukin landvarsla á svæðinu. Gert er ráð fyrir heilsársstarfsmaður hefji störf 2014 en landvörður verður settur á svæðið strax sumarið 2013.

# HÁUBAKKAR

## STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 347/1983 í Stjórnartíðindum B.*

Svæðið býr yfir sérstæðum jarðmyndunum. Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa tekið svæðið út og einnig hefur verið fjarlægð mikið magn af rusli af svæðinu. Svæðið er innan höfuðborgarsvæðisins og gæti nýst t.d. við útikennslu ef innviðir þess væru styrktir og svæðið hreinsað af rusli.

## VEIKLEIKAR

Jarðmyndanir verja sig illa fyrir ágangi. Svæðið er staðsett í iðnaðarhverfi innan borgarmarkanna.

## ÓGNIR 2010

- » Ágangur sjávar
- » Mannvirkjagerð

## ÓGNIR 2012

- » Ágangur sjávar.
- » Mikið er um mannvirki allt í kringum svæðið enda er það staðsett í iðnaðarhverfi. Ásýnd svæðisins er ekki góð.
- » Fáir vita að svæðið er friðlýst.
- » Mikið rusl er að finna á svæðinu.
- » Engir innviðir eru innan náttúruvættisins.



## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Verndun gegn rofi og gegn mannvirkjaf framkvæmdum.
- » Ekkert virkt eftirlit er með svæðinu.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Hreinsa þarf svæðið af rusli.
- » Koma þyrfti á samstarfi við Reykjavíkurborg um daglega umsjón með svæðinu.
- » Auka þarf eftirlit, t.d. á formi landvörslu.
- » Ákveða þarf hvaða ásynd svæðið á að bera.
- » Auka þarf fræðslu um svæðið og gera því hærra undir höfði, t.d. með lagningu göngustígs.
- » Svæðið gæti nýst til útivistar og útikennslu ef rétt væri haldið á málum.

# KRINGILSÁRRANI

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 181/2003 í Stjórnartíðindum B.

Var fyrst lýst friðland árið 1975. Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður eru með samning um reksturinn. Búsvæði hreindýra og heiðagæsa. Náttúrustofa Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands fylgjast með hreindýrum og heiðagæsum. Náttúrustofa Austurlands er með gróðurreiti í Kringilsárrana sem eru hluti af langtíma vöktunarverkefni þar sem fylgst er með hugsanlegum gróðurbreytingum vegna Háslóns. Einnig eru í friðlandinu merkilegar minjar um jökulframrásir og jökulhop og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann. Raninn er um leið sérstæð og gróin landspilda og eru þar sérkennilegar þyrpingar af hattsveppum. Svæðið er tiltölulega vel varið fyrir ágangi ferðamanna. Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru á svæðið sumarið 2012.

## VEIKLEIKAR

Við gerð Háslóns gekk nokkuð á gróðurlendi Kringilsárana og má búast við því að vistfræði svæðisins hafi breyst að einhverju leyti.

## ÓGNIR 2010

- » Sandfok og uppblástur vegna áhrifa frá Háslóni

## ÓGNIR 2012

- » Sandfok og uppblástur vegna áhrifa frá Háslóni.
- » Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Stöðva þarf fok og jarðvegseyðingu í rananum.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar
- » Vöktun á fok og jarðvegseyðingu og aðgerðir í kjölfar þess.

# SURTARBRANDSGIL

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 103/1975 í Stjórnartíðindum B.

Svæðið er dýrmætt vegna setlagabrota sem þar finnast með steingervingum úr surtarbrandslögum og eru vitnisburður um gróðurfar og loftslagsaðstæður sem ríkja ekki lengur hér á landi. Svæðið er mikilvægt fyrir rannsóknir en aldursgreiningar á blágrýtishraunlögum í Surtarbrandsgili gefa til kynna að aldur þeirra liggja á bilinu frá 9,1 – 11,9 milljónum ára. Náttúruupplifun og menningarminjar gera svæðið sérstakt. Samkvæmt auglýsingu er bannað að fara í gilið nema með leyfi landeiganda. Landvörður hefur haft aukið eftirlit með svæðinu seinustu sumur og hafa verið skipulagðar ferðir í gilið í fylgd landvarðar. Nokkur skilti hafa verið sett upp á svæðinu með upplýsingum og fræðslu til ferðamanna, settir hafa verið upp sýningarkassar með sýnishornum af surtarbrandi sem dregur úr álagi á gilið sjálft. Að auki hafa verið sett upp læst hlið til varnar því að ferðamenn fari ekki í gilið án leyfis. Göngustígur í gilið hefur verið bættur til muna. Villandi upplýsingar í erlendum ferðahandbókum um að leyfilegt sé að fjarlægja steingervinga úr giliinu hafa verið fjarlægðar. Bílastæði við Flakkara hafa verið afmörkuð og stækkuð. Gert er ráð fyrir

því að opna litla sýningu um svæðið í prestsbústaðnum á Brjánslæk. Sú sýning verður unnin í samráði við ábúanda og Umhverfisstofnun.

## VEIKLEIKAR

Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Setlögin eru viðkvæm fyrir raski og er skaðinn óafturkræfur. Svæðið verður fyrir hnignun bæði af náttúrulegum ástæðum og vegna ágangs ferðamanna.

## ÓGNIR 2010

- » Hrunhætta er úr Surtarbrandsgili
- » Umgengnin á svæðinu er slæm og er mikill straumur ferðamanna upp gilið
- » Ferðamenn safna steingervingum
- » Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins
- » Óljósar og jafnvel villandi gönguleiðir

## ÓGNIR 2012

- » Mikið rask hefur verið í Surtarbrandsgili bæði af völdum mikils straums ferðamanna og af náttúrulegum ástæðum. Halda þarf áfram að hafa eftirlit með svæðinu og koma í veg fyrir að ferðamenn taki steingervinga.
- » Í berginu slútir bergið víða fram og er til hrunhætta til staðar.

## TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar
- » Stýring aðgengis í samræmi við auglýsingu um svæðið. Efla þarf landvörslu og lengja tímabil landvarðar
- » Kanna möguleika á gerð umsjónarsamnings við ábúendur eða sveitarfélags
- » Skoða þarf orðalag í ferðaritum sem veita rangar upplýsingar um svæðið. Dæmi er um þýska handbók sem segir heimilt að taka með sér 1 steingerving.
- » Aukið fræðsluefni vantar ásamt almennri upplýsingagjöf. Aðkomu- og fræðsluskilti var sett upp í haust.
- » Styrkja þarf innviði t.d. með afmörkun og merkingu gönguleiðar og lokunar þeirra kindagatna sem fólk gengur í dag

## TÆKIFÆRI 2012

- » Vinna þarf verndaráætlun.
- » Dregið hefur verulega úr því að ferðamenn taki steingervinga úr gílinu.
- » Auka þarf eftirlit enn frekar með svæðinu en sérfræðingur Umhverfisstofnar á Patreksfirði fer með umsjón með svæðinu og landvörður sér um skipulagðar ferðir á sumrin.

- » Náttúruupplifun, jarðfræði og mannvistarminjar gera svæðið mjög áhugavert. Umhverfisstofnun og landeigandi hafa rætt um opnun sýningar í tengslum við náttúruvættið og er stefnt að slíkri sýningu á næstu mánuðum að Brjánslæk.

# SKÚTUSTAÐAGÍGAR

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 399/1973 í Stjórnartíðindum B.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda útlit gíganna og gera þá aðgegnilega sem og að standa vörð um nýtingarrétt landeigenda. Um er að ræða einstaklega formfagra og gróna gíga sem að mestu eru ósnortnir. Svæðið er nytjað af landeigendum.

## VEIKLEIKAR

Gígarnir, þó grónir séu, eru viðkvæmar jarðmyndanir sem eru undir miklum ágangi ferðamanna allt árið um kring. Samkvæmt könnun Ferðamálastofu heimsóttu 42% erlendra ferðamanna Mývatn árið 2011 eða um 238.000 manns. Gígarnir og umhverfi þeirra eru í hættu á að traðkast niður vegna mikils ágangs.

## ÓGNIR 2012

- » Mikill og sívaxandi umferð ferðamanna.
- » Ferðamenn sækja svæðið allt árið um kring.
- » Heildarskipulag innviða skortir.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Verndun gegn rofi og skipulag gönguleiða.
- » Auka þyrfti upplýsingagjöf til ferðamanna.
- » Samræma þyrfti innviði og skipuleggja ferðamannaleiðir í samráði við landeigendur. Unnið verður að skipulagi og úrbótum á svæðinu sumarið 2013.

# SKÓGAFOSS

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 477/1987 í Stjórnartíðindum B.

Skógafoss ásamt fossaröð í Skógaá var friðlýstur árið 1987 en Skógafoss er svipmikill 60 metra hár foss. Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður en Skógafoss er í alfaraleið. Töluvert hefur verið lagt í að bæta innviði svæðisins, t.d. með gerð útsýnispalls og stiga upp að honum.

## VEIKLEIKAR

Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður og er aðgengi að Skógafossi mjög gott allan ársins hring. Það gerir það að verkum að svæðið er undir miklu álagi. Sér í lagi eru grasi vaxnar brekkur og árbakkar viðkvæmir fyrir traðki gesta. Nokkrir villustígar hafa myndast við Skógafoss og meðfram Skógá. Sveitarfélagið vinnur nú að deiliskipulagi svæðisins og úrbótum á stígum en þeir fengu til verksins 1.350.000 kr. styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamanna í janúar 2013.

## ÓGNIR 2012

- » Ágangur ferðamanna og mikil ásókn
- » Margar gönguleiðir sem rýri verndargildi svæðisins og eru til lýta.
- » Borið hefur á akstri utan vega innan friðlýsta svæðisins.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Loka gönguleiðum og græða upp rof.
- » Stika eina gönguleið meðfram Skógaá.
- » Færa gönguleið upp að fossbrún í eina braut.
- » Setja þyrfti upp upplýsingaskilti.
- » Tryggja með hindrunum að ekki sé ekið utan vega við bílastæðið.

# RAUÐHÓLAR

## STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B.

Svæðið er safn gervígga sem að stórum hluta hafa verið raskaðir en vestasti hluti þeirra eru óraskaðir. Árið 2010 fóru starfsmenn Umhverfisstofnunar á svæðið, lagfærðu, slógu lúpínu og tíndu rusl. Töluvert af reiðleiðum eru á svæðinu og Reykjavíkurborg hefur sett víða upp skilti við áningarstaði hestamanna. Enn má sjá minjar stríðsáranna inn á svæðinu, en minjarnar hafi ekki verið merktar.

## VEIKLEIKAR

Svæðið er mikið notað af hestamönnum yfir vetrartímann og hestastígar virðast vera að breikka og troðast út, sér í lagi þar sem jarðvegur er moldarkenndur eða pollar myndast í reiðstígum. Svæðið er mjög aðgengilegt en oft er losað rusl á bílastæðum og inni á svæðinu. Svæðið ver því sig illa sjálft.

## ÓGNIR 2012

- » Mikið rusl safnast fyrir á svæðinu.
- » Enn er eitthvað um að fólki aki inn á svæðið og keðjur til að loka akvegum liggja niðri.
- » Reiðleiðum hefur verið haldið við en merkingar fyrir reið- og gönguleiðir vantar
- » Upplýsingaskilti eru í nokkuð góðu ástandi en fræðsluskilti vantar t.a.m. fyrir minjar.
- » Töluvert er um að girðing sem ver svæðið að austanverðu sé brotin.
- » Lúpína er komin inn á svæðið og sést hefur stök planta af tegundinni bjarnarkló.

## TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Hreinsa þarf svæðið reglulega af rusli.
- » Uppræta þarf bjarnaklóna og halda lúpínunni í skefjum eins og frekast er unnt.
- » Bæta þyrfti umsjón með svæðinu, sér í lagi yfir sumartímann
- » Merkja þyrfti gönguleiðir og reiðleiðir
- » Merkja þyrfti minjar í samráði við Fornleifavernd ríkisins.
- » Svæðið er mest nýtt af hestamönnum en gæti nýst meira til til útivistar og útikennslu ef rétt væri haldið á málum.



## DYNJANDI

### STYRKLEIKAR

Auglýsing nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.

Svæðið dregur að sér mikið af ferðamönnum enda stærsti og tilkomumesti foss Vestfjarða. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði fer með umsjón svæðisins. Auk þess þá er landvörður á sunnanverðum Vestfjörðum yfir sumartímamann sem fer með eftirlit svæðisins. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar unnu við göngustígagerð við Dynjanda sumrin 2011 og 2012 og að auki voru verktakar fengnir til verksins. Bætt hefur verið við steintröppum, lögð ræsi og stígar breikkaðir á köflum. Einnig hefur villustígum verið lokað. Ferðamönnum er því mun betur stýrt um svæðið en áður var. Gróðurheimt hefur verið í gangi undanfarin sumur og er farið að bera á árangri og er gróður farinn að taka við sér. Öll ásýnd svæðisins er betri og dregið hefur verulega úr ágangi. Upplýsingaskilti fyrir svæðið eru í bígerð. Einnig er áætlað að fara í gerð verndaráætlunar innan skamms. Rætt hefur verið við sveitarfélagið um að gera umsjónarsamning fyrir svæðið og eru komin drög að honum.

### VEIKLEIKAR 2010

Innviðir svæðisins er ábótavant ef miðað er við þann fjölda fólks sem þangað kemur. Þó nokkur átroðningur er á svæðinu.

### VEIKLEIKAR 2012

Innviðir svæðisins hafa verið styrktir mikið og náttúruvættið getur nú mun betur tekið við þeim mikla fjölda ferðamanna sem þangað leitar. Að mestu hefur verið komið í veg fyrir átroðning á svæðinu.

### ÓGNIR 2010

- » Mikill fjöldi fólks sem gengur um svæðið og takmarkaðir innviðir til að taka á móti fólkinu.
- » Eftirlit með svæðinu er afar lítið.
- » Hætta er á að svæðið sé traðkað út og að fólk gangi eftir óskipulögðum hætti um svæðið.
- » Öryggismálum er ábótavant.

### ÓGNIR 2012

- » Enn kemur mikill fjöldi ferðamanna á svæðið.
- » Æskilegt væri að auka eftirlit á svæðinu.
- » Svæðið getur verið hættulegt yfirferðar.

### TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Gerð viðvörunarskilta og fræðsluskilta
- » Efla þarf landvörslu en landvörður í Vatnsfirði fer aðeins einstaka ferðir að Dynjanda.

### TÆKIFÆRI 2012

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Setja þarf upp viðvörunarskilti og fræðsluskilti sem eru í bígerð.
- » Gerð umsjónarsamnings við sveitarfélagið tryggir svæðinu meiri viðveru í formi umsjónar og eftirlits.
- » Aukin samvinna Umhverfisstofnunar og sveitarfélags.
- » Áframhaldandi viðhald göngustíga og annarra innviða til að tryggja að verndargildi svæðisins verði ekki skert eða ógnað eins og talið var 2010.

# SVÆÐI SEM DETTA ÚT Á MILLI ÁRA

EFTIRFARANDI SVÆÐI HAFA DOTTIÐ ÚT AF LISTA VEGNA ÞEIRRA AÐGERÐA SEM GRIPIÐ HEFUR VERIÐ TIL INNAN ÞEIRRA.

## HRAUNFOSSAR

### STYRKLEIKAR

*Auglýsing nr. 410/1987 í Stjórnartíðindum B.*

Hraunfossar eru kaldavermsl sem koma undan Hallmundarhrauni og renna í Hvítá. Lindarvatnið rennur ofan á flikrubergrslagi. Fossarnir draga að sér mikinn fjölda ferðamanna. Landvörður á Vesturlandi hefur eftirlit með svæðinu yfir sumartímann. Unnið hefur verið með göngustígakerfi svæðisins og hefur verið borið í stíga og þeir lagfærðir mikið auk þess sem köðlum hefur verið skipt út fyrir nýja á stóru svæði. Einnig hefur villustígum verið lokað og nú er stýring ferðamanna um svæðið mun betri. Birki hefur verið plantað á svæðinu bæði til að loka stígum sem traðkast hafa út og til að bæta ásynd svæðisins. Tröppur í göngupöllum hafa verið lagaðar, sett hefur verið niður mikið af staurum til afmörkunar göngustíga og merkingum hefur verið fjölgað. Mikið af rusli var fjarlægð af svæðinu.

### VEIKLEIKAR 2010

Svæðið er víða blautt og gróður því viðkvæmur á sumum svæðum. Hallmundarhraun er viðkvæmt fyrir raski en það er nú þegar orðið mikið troðið og útsparkað.

### VEIKLEIKAR 2010

Svæðið er enn víða blautt og gróður viðkvæmur en mikið hefur áunnist t.d. með gróðursetningu birkis.

### ÓGNIR 2010

- » Mikið af fólki heimsækir svæðið.
- » Illa gengur að halda fólki á göngustígum.
- » Fólk hleður vörður sem minnismarki.
- » Fólk slítur upp gróður.
- » Aukning sauðfjár á svæðinu.

### ÓGNIR 2012

- » Enn er mikið af fólki sem heimsækir svæðið en Hraunfossar eru nú betur í stakk búnir til að taka á móti þeim fjölda. Ásynd svæðisins er nú mun betri en hefur verið.
- » Stýring ferðamanna um svæðið er betri.
- » Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

### TÆKIFÆRI 2010

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Almenn upplýsingagjöf og merkingar á svæðinu. Afmarka þarf betur gönguleiðir og loka öðrum leiðum.
- » Almennu viðhaldi er ábótavant

### TÆKIFÆRI 2012

- » Vinna þarf verndaráætlun fyrir svæðið.
- » Halda þarf áfram með almennt viðhald svæðisins.
- » Efla þarf fræðslu.



# STAÐA RAUÐLISTAÐRA SVÆÐA Í KJÖLFAR VERNDARRÁÐSTAFANA 2013

Sumarið 2013 er stórt framkvæmdasumar fyrir friðlýst svæði á Íslandi. Aldrei hefur meira fjármagni verið veitt til úrbóta á friðlýstum svæðum en árið 2013 og svo sannarlega ekki vanþörf á. Umhverfisstofnun hefur á fjárlögum fengið um 149 milljónir króna til að standa fyrir úrbótum á friðlýstum svæðum en ljóst er að líkt og rauði listinn gefur til kynna að brýn nauðsyn er að sporna við þeirri neikvæðu þróun sem átt hefur sér stað á umræddum svæðum. Þó svo að framkvæmdir ársins 2013 munu skila töluverðum árangri í átt að því að útrýma svæðum á rauðum lista er enn töluvert í land. Ef fram fer sem horfir við framkvæmd verndarráðstafana má gera ráð fyrir að í árslok 2013 verði eftirtalin svæði enn á rauðum lista:

- » Friðland að Fjallabaki
- » Geysir í Haukadal
- » Reykjanesfólkvangur
- » Verndarsvæði Mývatns og Laxár

Gera má ráð fyrir að eftirtalin svæði verða á svokölluðum appelsínugula lista yfir svæði sem þarf sérstaklega að fylgjast með þannig að þau glati ekki verndargildi sínu í árslok 2013:

- » Gullfoss
- » Surtarbrandsgil
- » Helgustaðanáma
- » Eldborg í Bláfjöllum
- » Fossvogsbakkar
- » Geitland
- » Kringilsárrani
- » Laugarás
- » Skógafoss
- » Háubakkar
- » Rauðhólar



**UMHVERFISSTOFNUN**

2013